

Vinnureglur FEIF við kynbótadóma.

1. Járnunga reglur.

- Færri en átta ferðir riðnar þegar skeifa fer af > má koma aftur og klára sýningu.
- Átta ferðir eða fleiri riðnar þegar skeifa fer af > kemur aðeins á yfirlitssýningu.
- Skeifa af á yfirlitssýningu > getur komið aftur og klárað sýninguna.

2. Reglur um reiðdóm.

- Færri en sex ferðir riðnar þegar ákveðið er að hætta af ófyrirséðum ástæðum > dómur ógildur.
- Sex ferðir eða fleiri riðnar > dómur gildur.
- Meira en hálf langhlið riðin > langhliðin talin með sem ein ferð.

3. Rakstur hrossa er leyfður, þó er bannað að raka andlit, eyru og fætur.

4. Yfirlitssýningar

- Hægt og greitt tölt á yfirlitssýningum.
 - Ef ná á einkunn hærra en 8,0 fyrir tölt verður að sýna bæði hæga og greiða ferð á gangtegundunni á yfirlitssýningum.
- Einkunnir fyrir samstarfsvilja er bæði hægt að hækka og lækka á yfirlitssýningum. Hvað varðar lækun á einkunn fyrir samstarfsvilja er dómurum það leyfilegt ef hesturinn sýnir neikvæð atriði þessa eiginleika sem ekki komu fram í dómnum, t.d. augljós merki um óþjálni, ofríki, spennu eða viðkvæmni.
- Til að hljóta hækkun fyrir samstarfsvilja á yfirlitssýningu þarf að sýna greinilega fram á að hægt sé að hægja hrossið mjúkt og átakalaust niður innan afmörkunar brautarinnar.
- Til að hækka einkunn fyrir skeið á yfirlitssýningu verður að sýna hrossið einnig á tölti, þar sem horft er til þess að gæði töltsins séu svipuð og í dómi. Ef svo er ekki, þá verður einkunn fyrir skeið að vera að lágmarki 0,5 stigum lægri en sýning þess á yfirlitssýningunni býður upp á.
- Hross, sex vetra og eldri, sem hljóta 5,0 fyrir skeið í dómi verða að skeiða upp á að lágmarki 6,5 til að hreyfa einkunn.
- Til að hækka einkunn fyrir fegurð í reið verður að sýna hrossið að lágmarki bæði á tölti og brokki. Það fer svo eftir frammistöðu í dómnum hvort einnig þurfi að sýna hægt/greitt stökk og skeið. Einkunn fyrir fegurð í reið á að endurspegla frammistöðu hrossins í gegnum alla sýninguna (dóm og yfirlitssýningu) á öllum gangtegundum.

5. Yfirlitssýning verður ekki riðin með utanaðkomandi hrossi. Þ.e.a.s. hrossi sem ekki er skráð á sýninguna er óheimilt að ríða með hrossi úr sýningunni á yfirlitssýningu.

6. Í byggingardómi er bannað að hófar séu málaðir eða klístraðir.

7. Teygjur í faxi eru bannaðar.

- 8.** Komi knapi ekki með hest til áverkaskoðunar eftir sýningu, skal reiðdómur falla niður og knapa veitt áminning.
- 9.** Við sköpulagsdóma skal ætíð hafa eldri dóma við hendina ef um þá er að ræða.
- 10.** Fóðrun hrossa er óleyfileg í sköpulags- eða reiðdómi.
- 11.** Óheimilt er að eiga við reiðtygi (s.s losa um múl) og fótabúnað hrossa áður en skoðun er gerð að loknum reiðdóm.
- 12.** Óheimilt er að járna upp hross milli fordóms og yfirlitssýningar nema að fengnu leyfi sýningarstjóra.